

22. Þá var rædd og samþykkt áætlun um tekjur og gjöld jafnaðarsjóðsins fyrir 1902. **91**

Tekjur:

1. Væntanlegar eptirstöðvar	1200 kr.	
2. Jafnaðarsjóðsgjald	3300 —	4500,00 kr.

Gjöld:

1. Kostnaður við amtsráðið	1000 kr.	
2. Kostnaður samkvæmt 3. gr. laga 2. okt. 1891 um skipun dýralækna	120 —	
3. Amtsbókasafnið	400 —	
4. 6. afborgun upp í bankalán frá 14. nóv. 1896, 600 kr. og rentur 30. sept. 1902 420 kr.	1020 —	
5. 2. afborgun upp í bankalán frá 30. júlí 1900, 500 kr. og rentur 30. sept. 1902, 200 kr.	700 —	
6. Ferðakosnaður	60 —	
7. Ýmislegt	200 —	
8. Eptirstöðvar	1000 —	4500,00 kr.
23. Amtsráðið samþykkti, að næsti aðalfundur þess yrði haldinn í Reykjavík.		
24. Fyrir skriptir á fundinum veitti amtsráðið 20 kr.		

Fleiri mál komu eigi til umræðu og var svo fundi slitið.

Vesturamtið, Reykjavík 21. júní 1901.

J. Havsteen.

Skýrsla

92

um aðalfund amtsráðsins í Norðuramtinu 5. til 11. júní 1901.

Ár 1901, miðvikudaginn hinn 5. júní, var aðalfundur amtsráðs Norðuramtsins settur og haldinn á Akureyri af amtmanni Páli Briem, amtsráðsmanni Húnavatnssýslu Birni bónda Sigfússyni á Kornsa, amtsráðsmanni Skagafjarðarsýslu Ólafi umboðsmanni Briem á Alfgeirsvöllum, amtsráðsmanni Eyjafjarðarsýslu Stefáni kennara Stefánssyni á Möðruvöllum og amtsráðsmanni Suðurlingeyjarsýslu Arna prófasti Jónssyni á Skútustöðum.

Á fundinum komu þessi mál til umræðu:

1. Samþykktar voru kosningar þessara manna til amtsráðsins um 6 ára tímabil.
 - a. Björns bónda Sigfússonar á Kornsa, sem aðalamsráðsmanns Húnavatnssýslu.
 - b. Stefáns prests Jónssonar á Auðkúlu sem varaamsráðsmanns Húnavatnssýslu.
 - c. Stefáns kennara Stefánssonar á Möðruvöllum sem aðalamsráðsmanns Eyjafjarðarsýslu.

92

- d. Magnúsar kaupmanns Sigurðssonar á Grund sem varaamtsráðsmanns sömu sýslu.
2. Forseti lagði fram reikninga yfir tekjur og gjöld eptirfylgjandi sjóða, árið 1900, með fylgiskjölum.
- a. Jafnaðarsjóðs Norðuramtsins
 - b. Búnaðarsjóðs Norðuramtsins
 - c. Styrktarsjóðs fátækra ekkna og munaðarlausra barna í Eyjatjardarsýslu og Akureyrarkaupstað.
 - d. Bókasafns Norðuramtsins
 - e. Prentsmiðjusjóðs Norður- og Austuramtsins.
 - f. Búnaðarsjóðs Eyjatjardarsýslu og
 - g. Þúsund ára afmæliðssjóðs Eyjatjardarsýslu.
- Amtsráðsmenn skiptu reikningum þessum með sjer til endurskoðunar.
- Eptir að amtsráðsmennirnir höfðu rannsakað reikningana, voru þeir samþykktir án athugasemda.
3. Forseti lagði fram sýslusjóðsreikninga úr öllum sýslum amtsins fyrir 1900 og sömuleiðis sýsluvegasjóðsreikninga úr sömu sýslum fyrir sama ár, og ennfremur brúarsjóðsreikninga Skagafjardarsýslu og Húnavatnssýslu s. á., reikninga yfir kostnað við brúargjörðir á Ytri Laxá og Vesturárdalsá s. á., alla með tilheyrandi fylgiskjölum. Amtsráðsmennirnir skiptu reikningum þessum með sjer til yfirskoðunar.
4. Forseti lagði fram reikninga búnaðarskólans á Hólum, með fylgiskjölum, athugasemdum og svörum, og tillögum til úrskurðar og reikning yfir tekjur og gjöld kirkjunnar, ásamt skýrslu um skólann fyrir árin 1898—99 og 1899—1900.

Amtsráðið athugaði reikninga þessa og úrskurðaði þá.

5. Forseti skýrði frá, að hann hefði veitt búfræðingi Sigfúsi Eyjólfsyni á Stafni í Svartárdal starf 2. kennara á Hólum frá 14. nóvbr. 1900 til 14. maí 1901, og væri sýslan þessi því laus nú.

Ennfremur lagði hann fram :

- a. Brjef skólastjóra Jósefs Björnssonar á Hólum, dags. 16. febr. þ. á., þar sem hann segir frá sjer forstöðu skólans frá 14. maí 1892.
- b. Brjef frá kaupmanni L. Popp á Sauðárkrók, dags. 1. sept. f. á., þar sem hann heimtar að skuld skólabúsins á Hólum til hans, að upphæð hjer um bil 4400 kr., verði að fullu borguð sjer fyrir 1. júlí þ. á., með 6% vöxtum frá 1. ágúst 1900.
- c. Skýrslu frá tilsjónarmanni skólans, prófasti Zophonias Halldórssyni í Viðvík, dags. 13. þ. m., viðvíkjandi kennslu hans við skólann og um hag skólans.
- d. Brjef frá sama til amtsráðsins viðvíkjandi æskilegum breytingum á fyrirkomulagi skólans.
- e. Ýmsar skýrslur um búnaðarskóla í Danmörku og Noregi.
- f. Skjöl frá skólastjóra, eptirlitsmanni og endurskoðanda, um nauðsynleg-

ar húsagjörðir og umbætur á Hólum, dags. 14. þ. m., og ýms önnur skjöl viðvikjandi skólanum. **92**

Eptir allangar og ýtarlegar umræður, samþykkti amtsráðið og fól forseta sínum, að taka 2000 kr. lán úr einhverjum sjóði, sem afborgist á 10 árum með jöfnum afborgunum, og skyldi láni þessu varið til þess, að borga skuld þá, sem hvílir á skólasjóði Hólaskóla.

Amtsráðið kynnti sjer skýrslu tilsjónarmanns skólans, sem lögð er fram undir stafl. c., og ljét í ljósi ánægju sína yfir kennslu hans við skólann. Var svo málinu frestað.

6. Forseti lagði fram og las upp eptirrit af gjörðabókum allra sýslunefnda í amtinu fyrir yfirstandandi ár.
 - a. Við fundargjörðir úr Suðurþingeyjarsýslu frá 14. júlí f. á., og frá 11.—15. marz þ. á., þótti athugavert, að sýslunefndin hafði kveðið upp úrskurð um gangnaskyldu Kristjáns bónda Jónssonar á Barnafelli, en áður hafði hreppsnefndin í Reykdælahreppi úrskurðað, að Kristján skyldi greiða fjeðætur fyrir óunnin fjallskil og gangnarof. Mál þetta er dómsmál og eru því úrskurðir þessir allsendis ólögðætir og ógildir.
 - b. Við fundargjörðir úr Eyjafjarðarsýslu frá 11. til 15. marz þ. á., og frá aukafundi 7. sept. f. á., var ekkert að athuga.
 - c. Við fundargjörðir úr Skagafjarðarsýslu frá 18.—22. febr. þ. á., var ekkert að athuga.
 - d. Við fundargjörðir úr Húnavatnssýslu frá 4.—9. marz þ. á., þótti heldur ekkert að athuga.
7. Framlagt var brjef sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu, dags. 20. marz þ. á., þar sem hann óskar þess fyrir hönd sýslunefndarinnar þar, að öðru yfirsetukvennaumdæmi sýslunnar (Vallahreppi) verði skipt í tvö yfirsetukvennaumdæmi, og brjef sýslumannsins í Húnavatnssýslu, dags. 25. marz þ. á., þar sem hann óskar þess fyrir hönd sýslunefndarinnar þar, að yfirsetukvennaumdæmum sýslunnar verði fjölgað um eitt, og takmörkum þeirra breytt. Amtsráðið ræddi þetta mál, ákvað að taka óskir þessar til greina og fól forseta að gefa út auglýsingu um yfirsetukvennaumdæmin.
8. Forseti lagði fram brjef frá sýslumanninum í Húnavatnssýslu, dags. 26. marz þ. á., þar sem hann fyrir hönd sýslunefndarinnar óskar að amtsráðið samþykki að, sýslunefndin mætti taka allt að 13000 kr. lán upp á ábyrgð sýslunefndarinnar, til þess að byggja nýtt skólahús á Blönduósi. Forseti skýrði frá, að hann hefði nppá væntanlegt samþykki amtsráðsins samþykkt lántöku þessa þannig, að lánið yrði endurgreitt á 26 árum með jöfnum afborgunum.

Amtsráðið samþykkti þetta.

9. Forseti las upp bónarbrjef frá stjórn kvennaskóla Eyfirdinga frá 5. þ. m., um venjulegan styrk til kvennaskóla þessa úr jafnaðarsjóði og brjef frá sýslumanninum í Húnavatnssýslu frá 25. marz þ. á. um sama.

Ennfremur voru framlagðir reikningar og skýrslur um skólana.

Amtsráðið veitti skólum þessum 300 kr. hvorum fyrir sig, eins og að undanförunu. Jafnframt fól amtsráðið forseta, að heimta nákvæmar skýrslur um skólana, fjárhag þeirra, próf, reglugjörðir o. fl., er leggist fyrir næsta amtsráðsfund.

10. Forseti lagði fram umsókn um styrk at Prentsmiðjusjóði Norður- og Austur- amtsins frá námspiltum á Möðruvallaskóla: Oddi Jónassyni og Jóni Kristjánssyni og frá námsmeyjum á kvennaskóla Eyfirdinga: Ragnheiði Asgeirsdóttur og Kristínu Danielsdóttur.

Amtsráðið veitti hverjum þeirra 27 kr. styrk.

11. Forseti lagði fram reikning gróðrarstöðvarinnar á Akureyri fyrir 1900 með fylgiskjöllum. — Eptir að amtsráðsmennirnir höfðu yfirfarið reikning þenna, var hann samþykktur án athugasemda.
12. Amtsráðsmennirnir lögðu fram reikninga þá, sem taldir eru í tölulíðnum 3., eptir að þeir höfðu yfirfarið þá. Reikningar þessir voru síðan samþykktir án athugasemda, að öðru leyti en því, að við sýsluvegasjóðsreikning Húnavatnssýslu þótti athugavert, að fylgiskjal nr. 19. b. vantar og ber að senda og við sýslusjóðsreikning Suðurþingeyjarsýslu þótti athugavert, að meðal kostnaðar við fundarhald sýslunnar er talið:

a. fyrir hestafóður	kr. 7,20
b. — fyrir fæði og rúm	— 71,30
c. — hestapössun	— 2,00

Samtals kr. 80,50,

sem ber að endurgjalda sýslusjóði, þar sem slík útgjöld eru ekki lögleg.

13. Forseti lagði fram skýrslur um hag styrktarsjóða alþýðufólks, eða reikninga þeirra úr Suðurþingeyjarsýslu, Eyjafjarðarsýslu og Skagafjarðarsýslu.

Við reikning Suðurþingeyjarsýslu þótti athugavert, að eign sjóðanna við síðustu árslok var eigi tilgreind, og ber að gæta þess eptirleiðis.

Reikningur styrktarsjóðanna í Húnavatnssýslu var eigi kominn, og var forseta falið að innheimta eptirrit reikningsins sem fyrst.

14. Framlagt var brjef frá sýslumanninum í Eyjafjarðarsýslu, dags. 23. marz þ. á., þar sem hann sækir um fyrir hönd sýslunefndarinnar, að vegurinn yfir túnguna frá brú á Hörgá á Helguhyl að Öxnadalsárbrú verði gjörður að sýsluvegi, og að sú breyting verði gjörð á sýsluveginum í Svarfaðardal, að afnuminn verði sýsluvegurinn, sem nú liggur ofan hjá Hamri og Skáldalæk yfir Holtsskriðu út um Böggversstaði áleiðis til Reykjaheiðar, en í staðinn verði tekinn upp í sýsluvegatölu, vegur frá Hólsá ofan fyrir utan Hrísa niður að Dalsánni hjá Argerði út á Dalvík upp fyrir sunnan Brimnes og þaðan upp Böggversstaðadal, og sem leið liggur til Reykjaheiðar.

Amtsráðið samþykkti þetta.

15. Framlagt var brjef sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu frá 25. marz þ. á., þar sem hann óskar þess, að amtsráðið vildi samþykkja, að sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu mætti fyrir sitt leyti afsala sjer tövjelunum við Glerá með

kostum þeim, sem tilteknir eru í síðustu fundargjörð Eyjafjarðarsýslu.

Amtsráðið samþykkti þetta.

92

16. Framlagt var brjef frá hreppsnefndinni í Skriðuhreppi, dags. 1. þ. m., þar sem hún óskar, að amtsráðið felli úr gildi þau ákvæði sýslunefndarinnar, að því er snertir reikning hreppsins fyrir 1898—99, að gjöra ábyrgð gildandi gegn hreppsnefndinni fyrir að greiða úr sveitarsjóði kaupstaðarskuld, að upphæð kr. 61,26. — Amtsráðið fann ekki ástæðu til, að taka ósk hreppsnefndarinnar til greina.
17. Þá kaus amtsráðið 2 fulltrúa til búnaðarþings til 4 ára og hlutu kosningu þeir Stefán kennari Stefánsson á Möðruvöllum og Pjetur alþingismaður Jónsson á Gautlöndum, og sem varafulltrúar um sama tíma þeir: Ólafur Briem umboðsmaður á Alfgeirsvöllum og Klemens sýslumaður Jónsson á Akureyri. —
18. Amtsráðið tók búnaðarskólann á Hólum aptur til umræðu, og eptir langar umræður kom fram tillaga frá amtsráðsmanninum í Suðurlingeyjarsýslu um, að leggja skólann niður, með því að honum virtist það heppilegast eptir því, sem hagur skólans og horfur væru.

En meiri hluti amtsráðsins gat fyrst og fremst eigi sjeð nokkur minnstu líkindi til þess, að eigur skólans yrðu seldar án þess, að amtið skadaðist um 20—30,000 kr. við söluna, ef miðað er við hvers virði eigur skólans eru sanngjarnlega metnar, og þó að það kæmi til skoðunar, að leigja jörð skólans, þá mundi engin leiga fást fyrir hús hans, og viðhald á þeim aðeins verða þung byrði fyrir amtið.

Í annan stað áleit amtsráðið, að eigi væri nein vanþörf á því, að þekking amtsbúa í búnaði yrði efld jafnvel meira en verið hefir, og fyrir því var tillaga þessi felld með 4 atkvæðum gegn einu.

Þá bar amtsráðsmaðurinn í Suðurlingeyjarsýslu fram þá tillögu, að búnaðarþjelagi Íslands væri gefinn kostur á, að taka við búnaðarskólanum á Hólum með öllum eigum hans og skuldum, af því að honum þætti þetta eðlilegt, með því að það stæði engum nær en búnaðarþjelagi landsins, að halda skólanum áfram, ef því þætti það tiltækilegt, að halda honum áfram, sem slíkum; en meiri hluti amtsráðsins gat ekki sjeð hinar minnstu líkur til þess, að búnaðarþjelag Íslands vildi taka þessum kosti, þar sem stjórn þess hefði samkvæmt brjefi sínu, dags. 4. des. f. á., ekki einu sinni sjeð sjer fært, að taka ályktun um, hvort hún vildi taka búnaðarskólamálin til yfirvegunar og undirbúnings undir næsta búnaðarþing, enda taldi meiri hluti amtsráðsins miður heppilegt, að búnaðarskóli Norðurlandshafssýslunnar stæði undir stjórn búnaðarþjelagsins, sem er skipuð mönnum, er hljóta að hafa aðsetur sitt í Reykjavík, og hafa störf sín í þarfir búnaðarþjelagsins að meira eða minna leyti í hjáverkum.

Tillagan var því felld með 4 atkvæðum gegn einu, en amtsráðsmaður Húnavatnssýslu gat þess, að honum þætti heppilegt, að stjórn búnaðarkennslunnar stæði undir einni aðalstjórn í landinu. —

Amtsráðið tók þá til ihugunar hversu með skólann skyldi fara, og varð það þá einhuga álit amtsráðsins, að það væri ekki rjett, að halda skólanum áfram á sama hátt, sem áður. — Amtsráðið áleit, að á þann hátt yrði eigi hægt að hafa bóklegu kennsluna eins góða og nauðsyn væri, þar sem forstöðumaður skólans yrði að stjórna stóru og umfangsmiklu búi. — Amtsráðið áleit og, að verklega kennslan gæti heldur eigi verið í góðu lagi, því að þó að nemendur lærðu handtök að einhverjum verkum, þá væri langt frá því, að þeir kynnu verkið og yrði þá afleiðingin sú, að skólinn yrði að senda nemendurna frá sjer sem hálfgerða klaufa, en að halda mönnum á skóla til þess að vinna algenga stritvinnu, taldi amtsráðið hvorki þarflegt nje heppilegt.

Ennfremur áleit amtsráðið, að það væri eptir því, sem menntunar-ástandi landsins er varið, ofætlun fyrir tveggja vetra skóla, að veita mönnum þá fræðslu, að þeir gætu verið reglulegir búfræðingar, en aptur á móti áleit amtsráðið, að skólinn gæti fullkomlega leyst það blutverk af hendi, að vera skóli fyrir bændur. — Amtsráðið áleit, að nú væri komið svo, að ef búnaður hjer á landi ætti að geta tekið framförum og staðizt samkeppnina við búnað í nágrannalöndunum, þá þyrftu bændur að fá talsverða þekkingu í búnaði byggða á vísindalegum rannsóknum, að þeir þyrftu að, læra að skilja hinar eðlilegu orsakir til framfara í búnaði, og að það þyrfti að vekja hjá bændum áhuga á, að fylgjast með búnaðarframförum í nágrannalöndunum.

Amtsráðið áleit því, að nauðsyn bæri til, að gjöra skólann sem aðgengilegastann fyrir bændasyni, og taldi eina ráðið til þess, að gjöra skólann vetrarskóla, þar sem bóklega kennslan yrði svo góð og styddist við svo fullkomin kennsluáhöld, sem framast væru töng á, en að því er snerti kennslu í verkum, þá áleit amtsráðið, að hún að sumu leyti gæti farið fram hjá góðum bændum, en að sumu leyti yrði að koma upp sjerstakri kennslu, t. a. m. í garðyrkju, og þyrfti hún ekki fremur en verkast vildi, að fara fram á jörð búnaðarskólans.

Þegar hjer var komið, þá kom amtsráðsmaðurinn í Húnavatnssýslu fram með þessar tillögur:

»Það er mín persónulega skoðun, að bændur eða bændaeefni hjer á landi þurfi að fá meiri fræðslu en nú gjörist í ymsum greinum, er snerta atvinnu þeirra, — búnaðinn, og að slíka fræðslu mætti veita í vetrarskólum. — Þess vegna virðist mjer fljótráðið, að ákveða skilyrðislaust, að leggja niður Hólaskóla, þó að hann ekki samsvari kröfum vorum, og það því fremur, sem ekki er sýnilegt, að það verði gjört nú þegar, nema með miklu fjártjóni. — Virðist mjer því sjálfsagt, að amtsráðið athugaði það sem rækilegast, hvort ekki væri tiltækilegt, að breyta skólanum þannig, að hann yrði eingöngu vetarskóli.

Eptir að þetta hefir verið skoðað rækilega og áætlun gjörð um kostnað. hefir það komið í ljós, að sú breyting, sem við væri unandi, myndi hafa

aukinn kostnað í för með sjer, og óvíst að hlutaðeigandi sýslufjelög gætu fellt sig við hana, og vildu veita slíkum skóla það lið, sem þyrfti, og eins hitt, að hann yrði nægilega sóttur, sem þó er hvorttveggja skilyrði fyrir því, að hann komi að tilætluðum notum. Þar sem Hólaskóli enn fremur hefir lengi staðið undir umsjón sýslunefndanna í amtinu, þá tel jeg sanngjarnt, að mál þetta sje borið undir þær, áður en því er ráðið til lykta.

Fyrir því legg eg til:

1. Að skólajörðin Hólar með húsum og meiru eða minna af búinu sje seld á leigu næsta ár, eptir nákvæmum samningi.
2. Að amtsráðið feli forseta sínum að leggja fyrir allar sýslunefndir í amtinu skýrsluágríp um hag skólans og enn fremur skýrslu um fyrirkomulag og kostnað við þær breytingar á Hólaskóla, sem það hefir rætt á þessum fundi, og leiti um þær áhlits þeirra.

Fyrri tillagan var samþykkt með 4 atkvæðum (amtsráðsmaður Suðurpingeyjarsýslu greiddi eigi atkvæði), en hin síðari var felld með 3 atkvæðum gegn 2.

Því næst kom fram tillaga um hvern fjárstyrk hinn fyrirhugaði skóli þyrfti að hafa framvegis, og var gjörð svohljóðandi áætlun um tekjur og gjöld skólans.

Tekjur:

1. Landssjóðsstyrkur.	kr. 2500,00
2. Búnaðarskólagjald	— 870,00
3. Leigur af jörð og búi	— 1080,00
4. Úr jafnaðarsjóði	— 2380,00
	kr. 6830,00

Gjöld:

1. Laun skólastjóra	kr. 1200,00	
annars kennara	— 800,00	
tímakennara	— 100,00	kr. 2100,00
2. Endurskoðun og eptirlit	— 150,00	
3. Brunabótagjald	— 100,00	
4. Viðhald árlega	— 200,00	
5. Hiti og ljós	— 400,00	
6. Oviss útgjöld	— 200,00	
7. Námsstyrkur	— 500,00	
8. Bækur og áhöld	— 500,00	
9. Afborganir í landssjóð	kr. 1200,00	
10. — aðrar	— 400,00	— 1600,00
11. Húsa og jarðabætur	— 1080,00	
		kr. 6830,00

Þessi tillaga var samþykkt með 3 atkvæðum gegn 2.

92

Því næst var samþykkt með 4 atkvæðum gegn einu (amtsráðsmanni Suðurþingeyjarsýslu) að halda búnaðarskólanum áfram þannig, að þessi áætlun væri lögð til grundvallar.

Því næst var hinn fyrirhugaði skóli tekinn til umræðu, og var samkvæmt áætluninni ákveðið að veita úr jafnaðarsjóði 1902—1903, til greiðslu á afborgun og vöxtum fyrir skuldir þær, sem nú hvíla á skólastofnuninni og til þess að halda skólanum uppi 2380 kr. fyrir utan búnaðarskólagjaldið, en þar sem búast má við, að eigi þurfi nema 1. kennara fyrsta veturinn, var ákveðið, að verja því fje, sem hinum er ætlað til launa, til þess að kaupa kennsluáhöld til skólans.

Þetta var samþykkt með 4 atkvæðum.

Amtsráðsmaður Suðurþingeyjarsýslu greiddi ekki atkvæði.

Því næst var ákveðið, að kennararnir við hinn fyrirhugaða skóla skyldu auk áðurnefndra launa hafa ókeypis bústað í skólanum, og var forseta falið að auglýsa þessar kennarastöður, sem svo er ætlað til, að veittar verði á næsta amtsráðsfundi.

Var þetta samþykkt með 4 atkvæðum (amtsráðsmaður Suðurþingeyjarsýslu greiddi ekki atkvæði).

Því næst var rætt um, að nauðsynlegt væri, að byggja jörðina Hóla einhverjum manni og var helzt ráð fyrir gert, að búfræðingur Flóvent Jóhannsson á Akureyri tæki jörðina, búfje og allmikið af lausafje skólabúsins á leigu. Forseta var falið að leigja jörð, búfje og lausafje fyrir hönd amtsráðsins, og skyldi allt það, er hann gerði í því efni, vera jafngilt og amtsráðið hefði gert það. Svo var honum og falið að láta eptir atvikum selja það af lausafje búsins, sem skólastofnunin hefði eigi þörf á.

Því næst var rætt um, að nauðsynlegt væri, að veita stúlkum í Norðuramtinu kennslu við skólann að sumrinu, til þess að læra meðferð mjólkur, smjörgerð og ostatilbúning. Ályktun um þetta efni var frestað, en forseta var falið að leita álits sýslunefnda í amtinu um þetta, og jafnframt fól amtsráðið fulltrúum sínum, að hreyfa máli þessu á búnaðarþinginu.

19. Forseti lagði fram reglugjörð fyrir Skagafjarðarsýslu um fjallskil o. fl. Amtsráðið ræddi reglugjörðina og staðfesti hana síðan þannig, að hún öðlaðist gildi 1. sept. 1901.

20. Forseti lagði fram breyting á fjallskilareglugjörð Húnavatnussýslu 21. júní 1898.

Amtsráðið ræddi breytingu þessa og staðfesti hana síðan þannig, að hún skyldi öðlast gildi 1. sept. þ. a.

21. Forseti lagði fram brjef frá sýslumanninum í Skagatjarðarsýslu frá 2. apríl þ. á., ásamt brjefi frá kaupmönnum á Saudárkróki, þar sem þeir spyrjast fyrir um það, hvort þeir gætu fengið fulla borgun fyrir sötthreinsun útlendra húða, og fullar skadabætur ef húðirnar skemmdust við sötthreinsunina. Amtsráðið ályktaði að fela búnaðarþingsmönnum sínum, að bera málið um sötthreinsun útlendra húða upp á búnaðarþingi Íslands, svo og útvega

upplýsingar um það hjá dýralækni M. Einarssyni, hvort hætt sje við, að útlendar húðir skemmist við að liggja í klórkalksuppleysingu (1—12), eins og heilbrigðisráðið fyrir dýralækningar í Danmörku hefir ráðið til (Stj.tíð. 1891, B, bls. 77 og 158).

22. Amtsráðið fól fulltrúum sínum, að sækja til búnaðarþings Íslands um 500 kr. styrk á ári til gróðrarstöðvarinnar á Akureyri.
23. Amtsráðið kaus í stjórnarnefnd sparisjóðs Norðuramtsins amtmann Pál Briem, og sem gagnskoðara sjóðsins verzlunarstjóra Jón Norðmann, báða til 2 ára.
24. Forseti skýrði frá brjefaviðskiptum sínum við búnaðarfélag Íslands, og lagði fram brjef fjelagsstjórnarinnar.
25. Amtsráðið samþykkti nýja fyrirmynd fyrir skýrslur um skoðanir á búpeningi og fódurbirgðum hreppsþúa, og jafnframt var forseta falið, að láta prenta eyðublöð undir skýrslurnar og senda þær sýslumönnum til útbýtingar.
26. Var samin og samþykkt svohljóðandi áætlun um tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs Norðuramtsins 1902.

Tekjur:

1. Aætlaðar eptirstöðvar	kr. 800 00
2. Jafnaðarsjóðsgjald	— 5500 00
Samtals: Kr. 6300 00	

Gjöld:

1. Til amtsráðsins	kr. 500 00
2. Til mentamála:	
a. Kvennaskóla Eyfrðinga	kr. 300 00
b. Kvennaskóla Húnavatnssýslu	— 300 00
c. Bókasafns Norðuramtsins	— 500 00
d. Afborgun og vextir af láni til Hólaskóla	— 1,600 00
e. Búnaðarskólagjald	— 900 00
f. Tillag til Hólaskóla	— 800 00
3. Til búnaðarþings Íslands	— 400 00
4. Vextir og afborgun af spítalaláni	— 200 00
5. Til fjárskoðana og fjárkláða	— 200 00
6. Til óvissra útgjalda	— 600 00
Samtals: Kr. 6,300 00	

27. Amtsráðið ákvað, að búnaðarkennslan á Hólum skyldi vera á sama tíma, sem að undanfögnu, að öðru leyti en því, að hún skyldi lengd um hálfan mánuð, eptir að yfirstandandi fardagaár er liðið, þannig að hún byrjaði 15.

92 okt. ár hvert. Forseta var falið að gefa út auglýsingu um inntöku á skólann.

Amtsráðið taldi mikilsvert, að prófastur Zophonías Halldórsson hjeldi áfram að kenna lærisveinum skólans að gera skriflegar ritgerðir, og að taka þátt í umræðum um ýmisleg málefni, eins og að undanfögnu, og tól forseta að fara þess á leit við hann.

28. Amtsráðið beindi þeirri áskorun að amtsráðsmönnum Skagafjardarsýslu og Eyjafjardarsýslu, að reyna að fá því framgengt á alþingi, að strandferðaskipið Skálholt kæmi við á Hofsóss í seinustu ferð sinni, báðar leiðir, vegna væntanlegra nemanda á Hólum.

29. Amtsráðið taldi það mjög mikilsvert, að það gæti átt kost á sem beztum kennslukröftum, en þar sem hér á landi er enginn kostur á, að leita sjer frekari búfræðispekkingar, en á búnaðarskólunum, þá virðist því einsætt, að það þurfi að styðja að því, að menn fái styrk til þess, að leita sjer búfræðismentunar í útlöndum. Fyrir því felur það fulltrúum sínum, að bera það fram á búnaðarþinginu, að veitt verði nægilegt fjá í þessu efni, og sjerstaklega vill amtsráðið mæla með því, að þeir Sigurður Sigurðsson frá Draflastöðum og búfræðingur Flóvent Jóhannsson á Akureyri, fengju styrk til búfræðisnáms í Danmörku og felur fulltrúum sínum að bera fram meðmæli þessu viðvikjandi við stjórn búnaðarfjelags Íslands.

30. Forseti lagði fram brjef til landshöfðingja, dagsett 16. nóv. f. á., viðvikjandi fjárkláðanum, svo og ýms skjöl viðvikjandi fjárkláðamálinu og skýrði frá framkvæmdum í Austuramtinu til útrýmingar fjárkláðanum.

Amtsráðið athugaði málið, en í trausti til þess, að málið verði tekið fyrir á næsta alþingi og fái þar heppileg úrslit, finnur amtsráðið ekki ástæðu til þess, að gera frekari ályktanir um málið, en það hefir gert á fundi sínum í fyrra.

Fleiri mál komu ekki til umræðu.

Fundarbók lesin upp og samþykkt 11. júní.

Fundi slitið.

Páll Briem. Arni Jónsson. Olafur Briem.

Björn Sigfússon. Stefán Stefánsson.

*

*

*

Skrifstofu Norðuramtsins.

Akureyri, 12. júní 1901.

Páll Briem.